

Tillaga borgarfulltrúa Viðreisnar um skipun óháðra fulltrúa í stjórnir fyrirtækja borgarinnar

Lagt er til að breytingar verði gerðar á gr. 5.4 í gildandi eigandastefnu Reykjavíkurborgar þannig að tilnefning og kosning fulltrúa í stjórnarsæti einkaréttarlegra fyrirtækja borgarinnar verði alfarið óháðir eigandanum. Í þessu felst sú breyting að kjörnir fulltrúar Reykjavíkur og starfsmenn Reykjavíkurborgar verði ekki tilnefndir í stjórnir. Tillagan er í samræmi við góða stjórnarhætti, leiðbeiningar Viðskiptaráðs, Samtaka atvinnulífsins og Kauphallar ásamt leiðbeiningum OECD um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja. Lagt er til að breyting á gr. 5.4 í almennum eigandastefnunni verði breytt og taki breytingarnar gildi á næsta kjörtímabili við tilnefningar í stjórnir í júní 2026. Fjármálaráðherra tók af skarið á síðasta ári og tilnefndi einungis óháða einstaklinga í stjórnir stærri fyrirtækja í eigu ríkisins. Tillagan felur í sér að Reykjavíkurborg stígi næsta skref í innleiðingu góðra stjórnarháttanna og fari að fordæmi ríkisins og tilnefni einvörðungu óháða einstaklinga í stjórnir fyrirtækjanna.

Greinargerð

Undanfarið ár hefur sýnt svo ekki verður um villst hvað pólitískt umrót hefur mikil áhrif á stjórnir fyrirtækja borgarinnar þar sem kjörnir fulltrúar sitja í stjórnnum fyrirtækja borgarinnar.

Árið 2025 voru tíð stjórnarskipti vegna breytinga á stjórn borgarinnar. Óstöðugleiki og ófyrirsjáanleiki er alls ekki það sem innviðafyrirtæki borgarinnar þurfa á að halda. Það er því alveg ljóst að tryggja verður stöðugleika og fyrirsjáanleiki í stjórnnum fyrirtækja í eigu borgarinnar. Mikil uppstokkun hefur verið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja borgarinnar undanfarna mánuði sem skapar verulega áhættu fyrir fyrirtækin ásamt því að það veikir stjórnir fyrirtækjanna og gengur í berhögð við góða stjórnarhætti.

Reykjavíkurborg var leiðandi í innleiðingu góðra stjórnarháttanna með setningu almennrar eigandastefnu sem samþykkt var vorið 2022. Stefnan var unnin þverpólitískt og var samþykkt samhljóða í borgarstjórn. Með eigendastefnunni var mörkuð skýr stefna um eignarhald Reykjavíkurborgar í einkaréttarlegum fyrirtækjum og byggðasamlögum ásamt því að kveða á um skipulag og stjórnarhætti Reykjavíkurborgar vegna meðferðar eigendavalds, ásamt þeim kröfum sem gerðar voru til skipulags og stjórnarháttanna þeirra fyrirtækja sem eigendastefnan nær til.

Eigendastefna rammur inn með skýrum hætti markmið og framkvæmd eigendavaldsins. Helstu breytingar voru m.a. að Reykjavíkurborg var formlega skilgreind sem virkur eigandi og hlutverk, umboð og ábyrgð eigandafyrirsvars var skilgreint og afmörkuð gagnvart borgarráði og borgarstjórn, þar á meðal valdheimildir og mörk þeirra og upplýsingagjöf. Gerð var krafa um að skipulag og stjórnarhættir fyrirtækjanna væru í samræmi við rekstrarform sem um þau gilda og endurspegluðu lög og góða stjórnarhætti.

Nýjung var að borgarráð stofnaði tilnefninganefnd, sem ætlað var að gera rökstudda tillögu, byggða á faglegu mati, til borgarráðs um tilnefningar og kosningar til stjórna, í þeim tilgangi að ná fram bestu samsetningu stjórna. Við tilnefningar í stjórnir einkaréttarlegra fyrirtækja var í fyrsta sinn miðað við að meirihluti stjórnarmanna væri óháður fyrirtækinu og stjórnendum þess

og tiltekinn hluti jafnframt óháður Reykjavíkurborg, þ.e. ekki kjörnir fulltrúar eða starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Í ljósi þess að Reykjavíkurborg var formlega skilgreind sem virkur eigandi og eigandahlutverk afmarkað þá var gert ráð fyrir því að stjórnir einkaréttarlegra fyrirtækja yrðu að hluta til skipaðar óháðum stjórnarmönnum og sett var upp formlegt ferli við samskipti eigandafyrirsvars við stjórnir og stjórnendur einkaréttarlegra fyrirtækja. Einnig var kveðið á um gegnsæi og góða stjórnarhætti í formi ítarlegrar upplýsingagjafar stjórna til eigenda. Þetta verklag gekk vel og hafa óháðir stjórnarmenn borgarinnar staðið sig afar vel.

Þá var í fyrsta skipti skilgreint hlutfall óháðra og háðra stjórnarmanna. Síðan þá hefur umboðsmaður Alþingis gefið út álit dags. 12. apríl 2021 (mál nr. 5117/2007) þar sem sérstaklega er dregið fram að stjórnir og starfsmenn félaga eigi ekki að vera hluti af stjórnkerfi sveitarfélaga og eigi ekki að lúta þeim reglum sem gilda innan stjórnsýslu sveitarfélaga.

Leiðbeiningar OECD hafa einnig bent á það hversu óeðlilegt sé að kjörnir fulltrúa sitji í stjórn einkaréttarlegra fyrirtækja í opinberri eigu. Það er því ljóst að Reykjavíkurborg verður að stíga næsta skref í innleiðingu góðra stjórnarháttanna og fara að fordæmi ríkisins og tilnefna einvörðungu óháða einstaklinga í stjórnir fyrirtækjanna.

Í ofangreindu áliti umboðsmanns segir „Stjórnir og starfsmenn þessara einkaréttarlegra félaga eru hins vegar ekki hluti af stjórnkerfi sveitarfélaga og lúta almennt ekki sömu reglum og gilda innan stjórnsýslunnar. Að meginstefnu til gilda því um þessi einkaréttarlegu félög sömu reglur og gilda almennt um viðkomandi félagaform einkaaðila, til dæmis hlutafélagalaga. Sveitarfélag hefur þá í krafti eignaraðildar sinnar aðkomu að því að kjósa stjórn viðkomandi félags og skipa málefnum þess á aðalfundi og hluthafafundum ef um hlutafélag er að ræða. Að öðru leyti eru það stjórnarmenn viðkomandi félags og þeir sem þar eru ráðnir til starfa sem fara með daglega stjórn félagsins og taka ákvarðanir, til dæmis um hvernig eignum og fjármunum félagsins er ráðstafað, nema sérstakar undantekningar hafi verið gerðar frá því og þær samrýmist lögum.“

Það er því ljóst að Reykjavíkurborg verður að taka áframhaldandi skref til samræmis við ríkið og fylgja þannig leiðbeiningum Viðskiptaráðs, Samtaka atvinnulífsins og Kauphallar um góða stjórnarhætti fyrirtækja ásamt leiðbeiningum OECD um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja. Tillagan felur í sér að Reykjavíkurborg innleiði að fullu góða stjórnarhætti og fari að fordæmi ríkisins og tilnefni einvörðungu óháða einstaklinga í stjórnir fyrirtækjanna.

Lagt er til að gr. 5.4 í almennu eigandastefnunni verði breytt og taki breytingarnar gildi á næsta kjörtímabili við tilnefningar í júní 2026.